

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, í hvert skipti kr. 900,00.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem hitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 282, 10. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 18. desember 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári. Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða. Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammta-breytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:

Orkugjald fyrir hvern rúmmetra kr. 61,30

B. Fastagjald:

B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.

Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár kr. 3 504,00

B.2 Án húshitunar.

Mælagjald á mánuði kr. 333,00

4. gr.

- C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.

C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m² 1,1%

C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m² 0,4%

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3 Mælagrindargjald kr. 11 630,00

C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m
lengd frá lóðarmörkum kr. 1 457,00

5. gr.

- D. Önnur gjöld.

D.1 Lokunargjald kr. 735,00

D.2 Skammtabreytingargjald kr. 435,00

D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 435,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. desember 1987, 107,5 stig.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 481, 28. október 1987.

Íðnaðarráðuneytið, 18. desember 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.